

Norðurál Grundartanga ehf.
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 19. júní 2025
UOS2503427/H.G.
11.07.01

Ákvörðun um breytingu á starfsleyfi Norðuráls Grundartanga

Umhverfis- og orkustofnun (áður Umhverfisstofnun) hefur undanfarin misseri unnið að endurskoðun gildandi starfsleyfa sem hafa að geyma ákvæði um þynningarsvæði loftmengunar. Tilfni endurskoðunar er breytingar á lögum um málefnið.

Starfsleyfi Norðurál Grundartanga ehf., kt. 570297-2609 var gefið út árið 2015 en það gildir til 16. desember 2031 en í gr. 1.10 og fylgiskjali 4 með starfsleyfinu er að finna ákvæði um þynningarsvæði.

Með lögum nr. 66/2017 um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, var með innleiðingu á tilskipun 2010/75/ESB mörkuð sú stefna að ákvæði um þynningarsvæði verði ekki í starfsleyfum, m.a. með hliðsjón af náttúruverndarsjónarmiðum, vernd íbúa og annarra sem hagsmuna eiga að gæta í nágrenni við stóriðju. Þann 26. febrúar sl. birtust í Stjórnartíðindum breytingar á reglugerðum nr. 787/1999 um loftgæði og reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti þar sem ákvæði um þynningarsvæði voru felld á brott úr reglugerðunum.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfis- og orkustofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfis- og orkustofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998.

Þann 26. febrúar 2020 var Norðuráli tilkynnt um áform um endurskoðun starfsleyfis álversins vegna afnáms þynningarsvæða og nýrra BAT-niðurstaðna. Endurskoðun er enn í gangi á starfsleyfinu m.a. vegna nýrra BAT-niðurstaðna.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 7. maí – 4. júní. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar og á nýjum vef Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á tímabilinu. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til

rekstraraðila, Hvalfjarðarsveitar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Athugasemdir bárust frá Hvalfjarðarsveit og Norðurál. Heilbrigðiseftirlitið sendi póst þar sem það gerði ekki athugasemdir við breytinguna.

- Í athugasemdum Hvalfjarðarsveitar kemur fram að sveitarfélagið gekk út frá því að samráð yrði haft vegna afnáms þynningarsvæðanna til að sveitarfélagið yrði undirbúið og í stakk búið til að bregðast við með skipulagslegum ákvörðunum um líkt leyti og þynningarsvæði yrðu afnumin úr starfsleyfum. Vísaði sveitarfélagið til aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar þar sem m.a. kemur fram að „Við niðurfellingu þynningarsvæða skal sýna fram á að mengun frá Grundartangasvæðinu sé undir viðmiðunarmörkum vegna þungmálma, lífrænna efnasambanda og sjúkdómsvalda í jarðvegi í samræmi við viðauka I í reglugerð nr. 1400/2020“.
 - Líkt og fram kemur í áformum um ákvörðun og nú í ákvörðuninni er stofnunin að breyta starfsleyfum Elkem og Norðuráls vegna breyttra forsendna þar sem m.a. ákvæði er varða þynningarsvæði hafa verið felld á brott úr íslensku regluverki. Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að greinarmunur sé gerður á þynningarsvæðum og varúðarsvæðum. Þynningarsvæði eru svæði þar sem mengun tiltekinna efna má vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum. Með afnámi þynningarsvæðisins í starfsleyfi Norðuráls skal fyrirtækið uppfylla umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíðs og viðmiðunarmörk fyrir flúor utan marka iðnaðarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Varúðarsvæði felur í sér takmörkun á landnýtingu vegna hætta fyrir heilsu og öryggi almennings svo sem vegna mengandi atvinnustarfsemi. Sé það vilji sveitarfélagsins að minnka varúðarsvæðið þá er það mat á forræði sveitarfélagsins, þ.e. að meta stærð varúðarsvæðisins út frá gögnum, líkt og var gert í Hafnarfirði.
- Í athugasemdum Norðuráls er bent á að við afnám þynningarsvæðis væri nauðsynlegt að fella niður grein 1.10 í nágildandi starfsleyfi. Einnig þurfi að endurskoða staðsetningu mælistöðva fyrir loftgæði.
 - Umhverfis- og orkustofnun tekur undir með Norðurál að þörf er að endurskoða grein 1.10 m.t.t. endurskoðaðra starfsleyfi Rio Tinto og Alcoa. Hins vegar telur stofnunin að það sé hluti af endurskoðun starfsleyfisins en ekki þessari breytingu sem felst aðeins í afnámi þynningarsvæða úr starfsleyfi Norðuráls. Umhverfis- og orkustofnun hefur tilkynnt rekstraraðilum á Grundartanga að þörf sé á endurskoðun umhverfisvöktunaráætlun Grundartanga og óskað eftir tillögum þeirra að nýrri áætlun. Staðsetning loftgæðastöðva verður skoðuð í þeirri endurskoðun.

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um eftirfarandi breytingu á starfsleyfi Norðuráls á Grundartanga:

1. Grein 1.10

a) titill orðist svo: Viðmiðunarmörk fyrir flúoríð og flúor

b) 1. og 2. málslíður falli á brott og 3. málslíður orðist svo:

„Viðmiðunarmörk utan marka iðnaðarsvæðisins samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar fyrir flúoríð eru sett 0,30 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ af flúoríði og mörk fyrir heildarflúor eru sett 0,40 $\mu\text{g}/\text{m}^3$, af flúoríði reiknað sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert.“

2. Viðauki 2 við starfsleyfið falli á brott.

3. Fylgiskjal 4 orðist svo:

„i. Umhverfismörk fyrir flúoríð utan marka iðnaðarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, sbr. grein 1.10, eru byggð á umfjöllun í kafla 10.2 í WHO skýrslunni „Environment Health Criteria 227 Fluorides“, útg. Genf 2002. Í umræddri umfjöllun er tekið á mengun sem geti skaðað gróður. Einnig eru sett mörk um heildarflúor, þ.e. samanlagt flúoríð og rykbundinn flúor.“

Kæruheimild og kærufrestur

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um breytingu á starfsleyfi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Gestur Pétursson,

forstjóri

Hlín Gísladóttir,

lögfræðingur